

## IFRS í Fókus Samantekt 2011

- 
- Yfirlit
  - Nýir og endurbættir staðlar og túlkanir
  - Skyldubundin innleiðing fyrir reikningsskilátímabilið 2011
  - Staðlar sem heimilt er að innleiða fyrir gildistökudag
  - Hvað er framundan – staða núverandi verkefna
- 

Nánari upplýsingar á [www.iasplus.com](http://www.iasplus.com)



### Yfirlit

IFRS í Fókus veitir yfirlit um nýja og endurbætta staðla og túlkanir sem annað hvort ber að innleiða eða er heimilt að innleiða fyrir reikningsskilátímabil sem lýkur 31.12.2011 eða síðar. Ekki er um að ræða skyldubundna innleiðingu á nýjum stöðlum fyrir þetta reikningsskilátímabil en þó ber að innleiða eina nýja túlkun. Einnig hafa verið gerðar endurbætur á tveimur túlkunum og ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á núverandi stöðlum. Auk þessa hafa nýir staðlar og ein ný túlkun verið samþykkt og breytingar gerðar á eldri stöðlum sem heimilt er að innleiða fyrir lok reikningsskilátímabilsins 31.12.2011. Áður en nýir staðlar, endurbætur eða nýjar túlkanir eru innleiddar skal ávallt skoða hvort hömlur séu í lagaumhverfi sem koma í veg fyrir snemmbúna innleiðingu.

Ítarlegra yfirlit sem og ýmsar hugleiðingar um áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á stöðlum og túlkunum má finna á [www.iasplus.com](http://www.iasplus.com). Ávallt er best að kynna sér efni staðlanna og/eða túlkana í heild sinni til að skilja betur þær breytingar og endurbætur sem gerðar hafa verið.

### Nýir og endurbættir staðlar og túlkanir

Í eftirfarandi töflum er samantekt yfir nýja og endurbætta staðla og túlkanir sem gefnar hafa verið út og innleiða þarf fyrir reikningstímabilið 2011 eða heimilt er að innleiða fyrir gildistökudag. Fyrir hverja breytingu er einnig að finna vísun í þau fréttabréf sem Deloitte hefur gefið út og fjalla á ítarlegri hátt um breytingarnar og möguleg áhrif á reikningskil félaga. Öll þau fréttabréf sem vísað er til í töflunni má nálgast á: [www.iasplus.com/iasplus/iasplus.htm](http://www.iasplus.com/iasplus/iasplus.htm)

## Skyldubundin innleiðing fyrir reikningskilatímabil sem lýkur 31. desember 2011

Endurbætur á stöðlum		Gildir fyrir reikningskilatímabil sem hefjast frá og með	Útgefin fréttabréf
IFRS 1	IFRS 7 – skammtímaundanþága	1. júlí 2010	Febrúar 2010
	IFRS 9 – skammtímaundanþága	Við innleiðingu á IFRS 9	Nóvember 2009
	Þrennskonar endurbætur á staðlinum sem tengjast: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingum á reikningskilaaðferð á ári innleiðingar</li> <li>• Matsreglum um ætlað kostnaðarverð</li> <li>• Notkun ætlaðs kostnaðarverðs í starfsemi sem háð er takmörkunum við verðlagningu</li> </ul>	1. janúar 2011	Mái 2010
IFRS 3 (2008)	Endurbætur á IFRS 3	1. júlí 2010	Mái 2010
IFRS 7	Endurbætur á IFRS 7	1. janúar 2011	Október 2010
IAS 1	Endurbætur á IAS 1	1. janúar 2011	Mái 2010
IAS 27 (2008)	Endurbætur á IAS 27	1. júlí 2010	Mái 2010
IAS 32	Flokkun á ákveðnum réttindum	1. febrúar 2010	Október 2009
IAS 34	Endurbætur á IAS 34	1. janúar 2011	Mái 2010
<b>Nýjar túlkanir</b>			
IFRIC 19	Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga	1. júlí 2010	Desember 2009
<b>Endurbættar túlkanir</b>			
IFRIC 13	Endurbætur á IFRIC 13	1. janúar 2011	Mái 2010
IFRIC 14	Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksframlag	1. janúar 2011	Desember 2009

## Innleiðing heimil fyrir gildistökudag fyrir reikningsskilatímabil sem lýkur 31. desember 2011

Endurbætur á stöðlum		Gildir fyrir reiknings- skilatímabil sem hefjast frá og með	Útgefin fréttabréf
IFRS 1	Niðurfelling á reglum um ákveðna dagsetningu við innleiðingu	1. júlí 2011	Janúar 2011
	Óðaverðbólga	1. júlí 2011	Janúar 2011
IFRS 7	Auknar skýringarkröfur vegna afskráningar	1. júlí 2011	Október 2010
IFRS 9	Fjármálagerningar: flokkun og mat	1. janúar 2015	Nóvember 2009
	Viðbætur um meðferð fjárskulda í reikningsskilum	1. janúar 2015	Nóvember 2010
IFRS 10	Samstæðureikningsskil	1. janúar 2013	Mái 2011
IFRS 11	Sameiginleg verkefni		
IFRS 12	Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum		
IAS 27 (2011)	Aðgreind reikningsskil		
IAS 28 (2011)	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri		
IFRS 13	Mat á gangvirði	1. janúar 2013	Mái 2011
IAS 1 (2011)	Endurbætur á IAS 1	1. júlí 2012	Júní 2011
IAS 12	Endurbætur á IAS 12	1. janúar 2012	Janúar 2011
IAS 19	Endurbætur á IAS 19	1. janúar 2013	Júní 2011
Nýjar túlkanir			
IFRIC 20	Kostnaður á framleiðslustigi við hreinsun yfirborðsjarðlaga í námuvinnslu	1. janúar 2013	Október 2011

## Skyldubundin innleiðing fyrir reikningsskilatímabil sem lýkur 31. desember 2011

### Endurbætur á IFRS 1 og IFRS 7 – Betrumbætur á skýringum vegna fjármálagerninga

*Gildistökudagur 1. júlí 2010*

IFRS 1 var endurbættur til að heimila félögum sem innleiða IFRS undanþágur frá viðbótarskýringarkröfum sem gerðar voru í endurbótum á IFRS 7 í mars 2009. Endurbæturnar veita félögum sem innleiða IFRS sömu undanþágur í innleiðingunni og IFRS 7 veitir núverandi notendum staðlanna vegna breytinga á IFRS 7. Gildistökudagur endurbótanna er viðeigandi fyrir samanburðarfjárhæðir fyrir tímabil sem lýkur fyrir 31. desember 2009, árs hlutareikningsskil með samanburðarfjárhæðir fyrir tímabil sem lýkur fyrir 31. desember 2009 og alla efnahagsreikninga fyrir 31. desember 2009.

### Endurbætur á IFRS 1 og IFRS 9 – Fjármálagerningar

*Gildistökudagur við innleiðingu á IFRS 9*

Endurbætur voru gerðar á IFRS 9 til að seinka gildistökudegi á bæði 2009 og 2010 útgáfunni af IFRS 9. Gildistökudegi var seinkað fram til 1. janúar 2015. Fyrir breytingarnar var gert ráð fyrir að gildistökudagur IFRS 9 væri fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Snemmbúin innleiðing á IFRS 9 er enn heimil. Með endurbótunum var einnig gerð breyting á yfirfærsludegi vegna samanburðarfjárhæða í skýringum sem fram koma í IAS 8 og IFRS 7. Í stað þess að farið sé fram á að breyting sé gerð á samanburðarfjárhæðum í ársreikningum vegna innleiðingar er félögum annað hvort heimilt eða skylt að setja fram skýringar sem sýna áhrif þess að beita IFRS 9 í stað IAS 39. Hvort þetta er heimilt eða skylt veltur á því hvenær IFRS 9 er innleiddur og hvort samanburðarfjárhæðir eru endurgerðar.

## Endurbætur á IFRS 1 – hluti af árlegu endurbótaverkefni IASB

*Gildistökudagur 1. janúar 2011*

### Breyting á reikningsskilaaðferð á ári innleiðingar

Endurbæturnar skýra frekar heimildir um að gera breytingar á reikningsskilaaðferðum og val um að nýta undanþágur í IFRS 1 áður en fyrstu IFRS reikningsskilin eru gefin út. Í leiðbeiningum með endurbótunum eru settar fram kröfur um skýringar í þeim tilfellum sem reikningsskilaaðferðum eða nýting undanþága er breytt á tímabilum milli fyrsta árshlutareiknings og ársreiknings sem gerðir eru samkvæmt IFRS.

### Undanþága um notkun ætlaðs kostnaðarverðs (e. deemed cost)

Undanþága um notkun ætlaðs kostnaðarverðs var endurbætt í þeim tilgangi að heimila notkun á gagnvirðismati vegna atburða sem gerast á tímabilinu milli fyrsta IFRS árshlutareikningsins og ársreiknings. Dæmi um slíkan atburð er skráning á hlutabréfamarkað eða almennt útboð. Þegar undanþáguheimildin er nýtt er færð leiðrétting á ætluðu kostnaðarverði í gegnum eigið fé á matsdegi. Undanþágan veitir ekki lausn frá kröfum IFRS um mat á eignum og skuldum á innleiðingardegi.

Endurbætur voru einnig gerðar á mati á kostnaðarverði varanlegra rekstarfjármuna eða óefnislegra eigna þar sem mat á þeim er háð lögum og/eða reglugerðum. Þegar undanþáguheimildin er nýtt er litið á bókfært verð þessara eigna samkvæmt fyrri reikningsskilareglum sem ætlað kostnaðarverð á innleiðingardegi.

## Endurbætur á IFRS 3 – hluti af árlegu endurbótaverkefni IASB

*Gildistökudagur 1. júlí 2010*

### Mat á hlutdeild minnihluta

Með endurbótunum er tilgreint sérstaklega að valmöguleikinn sem til staðar er um mat á hlutdeild minnihluta, annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild minnihluta í gangvirði hreinna eigna á kaupdegi, á einungis við þann minnihluta sem til staðar er á kaupdegi og heimilar eiganda hlutdeild í gangvirði hreinna eigna við gjaldprot. Önnur hlutdeild minnihluta er metin á gangvirði á kaupdegi nema staðlarnir geri kröfu um annars konar mat.

### Niðurfelldir og endurnýjaðir kaupréttarsamningar

Með endurbótunum er tekið fram að núverandi kröfur um mat á kaupréttarsamningum seljanda sem kaupandi endurnýjar og meta ber í samræmi við IFRS 2 á kaupdegi („market-based measure“) eiga einnig við um kaupréttarsamninga seljanda sem eru ekki endurnýjaðir.

### Breytingar á kröfum um óvísst gagngjald vegna sameininga sem áttu sér stað fyrir gildistöku IFRS 3 (2008)

Endurbæturnar gera skýrt að kröfur IAS 32 *Fjármálagerningar: framsetning*, IAS 39 *Fjármálagerningar: skráning og mat* og IFRS 7 *Fjármálagerningar: skýringar*, eiga ekki við um óvísst gagngjald vegna sameininga sem áttu sér stað fyrir gildistöku IFRS 3(2008).

## Endurbætur á IFRS 7 – hluti af árlegu endurbótaverkefni

*Gildistökudagur 1. janúar 2011*

Endurbætur voru gerðar á IFRS 7 til að gera þær skýringarkröfur sem fyrir voru í staðlinum skýrari. Endurbæturnar hvetja til aukinnar notkunar á textaskýringum í samhengi við töluskýringar til að auðvelda lesendum reikningsskilanna við að átta sig á eðli og umfangi þeirrar áhættu sem félag stendur frammi fyrir vegna fjármálagerninga. Endurbótunum er ætlað að gera skýringarkröfur vegna útlánaáhættu og veða skýrari og veitir ákveðnar undanþágur frá skýringum vegna endurfjármögnunar lána.

## Endurbætur á IAS 1 – hluti af árlegu endurbótaverkefni

*Gildistökudagur 1. janúar 2011*

Með endurbótunum er tilgreint sérstaklega að félögum er heimilt að birta greiningu á liðum innan annarrar heildarafkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

## Endurbætur á IAS 24 *Skýringar um tengda aðila*

*Gildistökudagur 1. janúar 2011*

Endurbæturnar fela í sér einföldun á skilgreiningunni á tengdum aðilum til þess að útskýra betur hvað raunverulega er átt við með tengdum aðilum. Ósamræmi sem talið var vera til staðar í skilgreiningunni var eytt út. Sett var fram undanþága að hluta fyrir félög sem tengd eru hinu opinbera varðandi skýringarkröfur vegna viðskipta við tengda aðila og efnahagsstöður sem til staðar eru í lok reikningsskilatímabils. Félögum ber þó að upplýsa ef um er að ræða einstök veruleg viðskipti.

## Endurbætur á IAS 27 – hluti af árlegu endurbótaverkefni

*Gildistökudagur 1. júlí 2010*

Við útgáfu á IAS 27(2008) varð að gera breytingar á IAS 21, 28 og IAS 31 sem beita á framvirkt (að undanskilyldum breytingum á IAS 28.35 og IAS 31.46 sem beita á afturvirk).

## Endurbætur á IAS 32 – Flokkun á ákveðnum réttindum

*Gildistökudagur 1. febrúar 2010*

Endurbæturnar taka á flokkun ákveðinna fjármálagerninga sem veita rétt til kaupa á föstum fjölda eiginfjárgerninga fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er. Áður en endurbæturnar voru gerðar voru slík réttindi flokkuð sem afleiða í skuldahluta efnahagsreiknings. Endurbæturnar fela í sér að ef slík réttindi eru gefin út í sömu hlutföllum til allra núverandi hluthafa, í sama flokki, fyrir fasta gjaldmiðlafjárhæð skal flokka þau sem eiginfjárgerning, óháð því í hvaða gjaldmiðli nýtingarrétturinn er.

## Endurbætur á IAS 34 – hluti af árlegu endurbótaverkefni

*Gildistökudagur 1. janúar 2011*

Endurbætur voru gerðar á IAS 34 í þeim tilgangi að skýra betur þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingaskyldu í árshlutareikningum um mikilvæga atburði eða viðskipti. Með endurbótunum er lögð áhersla á að í skýringum

með árshlutareikningi skuli uppfæra viðeigandi upplýsingar sem birtar voru í síðasta ársreikningi félagsins. Jafnframt er útskýrt hvernig beita skal þessari reglu í tengslum við fjármálagerninga og gangvirði þeirra.

### **IFRIC 19 Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga**

*Gildistöku dagur 1. júlí 2010*

Túlkunin fjallar um reikningshaldslega meðferð þegar skuldari endursemur við lánveitanda um eftirgjöf fjárskuldar að hluta eða öllu leyti með útgáfu eiginfjárgernings til lánveitandans. Túlkunin á ekki við um reikningshaldslega meðferð hjá lánveitanda. Þegar eiginfjárgerningur er gefinn út til lánveitanda í þeim tilgangi að gefa eftir fjárskuld að öllu leyti eða að hluta skal meta eiginfjárgerninginn á gangvirði, nema gangvirði verði ekki metið með áreiðanlegum hætti. Ef gangvirði eiginfjárgerningsins verður ekki metið með áreiðanlegum hætti skal virði hans endurspeglar gangvirði fjárskuldarinnar. Mismunur á bókfærðu verði eftirgefinnar fjárskuldar og gangvirði eiginfjárgernings er færður í rekstrarreikning. Eiginfjárgerninginn skal meta á

þeim degi sem fjárskuldin er felld niður. Gera skal grein fyrir hagnaði eða tapi í sér línu í rekstrarreikningi eða í skýringum.

### **Endurbætur á IFRIC 13 Tryggðarkerfi viðskiptavina – hluti af árlegu endurbótaverkefni**

*Gildistöku dagur 1. janúar 2011*

Endurbætur á IFRIC 13 útskýra betur mat á gangvirði vildarkjara. Samkvæmt endurbótunum skal við mat á gangvirði vildarkjara taka tillit til afsláttar eða annarra hvata sem viðskiptavinum er boðið sem ekki eru hluti af vildarkerfinu.

### **Endurbætur á IFRIC 14 Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lánmarksframlag – hluti af árlegu endurbótaverkefni**

*Gildistöku dagur 1. janúar 2011*

Breytingarnar fjalla um það þegar félag sem uppfylla þarf kröfur um lánmarksframlag innir af hendi fyrirframgreiðslu. Með breytingunum er heimilt að eignfæra slíkar fyrirframgreiðslur.

## **Innleiðing heimil fyrir gildistöku dag fyrir reikningsskilatímabil sem lýkur 31. desember 2011**

### **Endurbætur á IFRS 1 Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaða – fastar dagsetningar fjarlægðar**

*Gildistöku dagur 1. júlí 2011*

Endurbæturnar varða félög sem gera upp í starfrækslugjaldmiðli þar sem óðaverðbólga ríkir. Orðið „aðlögunardagur“ (e. date of transition) kemur í stað tilvísunar í 1. janúar 2004 sem „dagsetning umbreytingar í IFRS“. Þar með þurfa félög sem innleiða IFRS ekki að endurskrá eignir eða skuldir sem hafa verið afskráðar fyrir þessa dagsetningu. Með endurbótunum eru einnig settar fram leiðbeiningar um hvernig félag skal á ný gera reikningsskil í samræmi við IFRS eftir tímabil þar sem félagið gat vegna óðaverðbólgu ekki samræmt IFRS.

### **Endurbætur á IFRS 7 – auknar skýringarkröfur vegna afskráningu**

*Gildistöku dagur 1. júlí 2011*

Endurbæturnar snúa að auknum skýringarkröfum og eru hluti af heildaryfirferð sem hefur verið unnið að og snýr að liðum sem haldið er utan efnahagsreiknings. Endurbæturnar eru gerðar til þess að tryggja að lesendur reikningsskilanna skilji betur viðskipti sem snúa að yfirfærslu fjáreigna, ásamt mögulegri áhættu tengdri þeirri yfirfærslu. Með endurbótunum er einnig gerð krafa um viðbótarskýringar ef hlutfallsleg yfirfærsla á fjáreign á sér stað við lok reikningsskilatímabils. Ekki þarf að birta skýringar vegna samanburðartímabila sem til staðar voru fyrir innleiðingardag.

### **IFRS 9 Fjármálagerningar – Flokkun og mat á fjáreignum**

*Gildistöku dagur 1. janúar 2015*

IFRS 9 sem gefinn var út 2009 tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar. Heimilt er að innleiða staðalinn fyrir gildistöku dag. Með IFRS 9 eru innleiddar nýjar kröfur fyrir flokkun og

mat á fjáreignum. Þessi hluti staðalsins var gefinn út í nóvember 2009 og er hluti af verkefni IASB um útgáfu nýs staðals um fjármálagerninga. Nýjar reglur um flokkun og mat á fjárskuldum voru gefnar út í nóvember 2010. (sjá næsta kafla).

Alla fjáreignir sem nú eru innan efnissviðs IAS 39 verða metnar á annað hvort afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði. Skuldagerningur (t.d. skuldabréf) þar sem áætlað er að innheimta samningsbundið sjóðsteymi höfuðstóls og vaxta er metinn á afskrifuðu kostnaðarverði. Allar aðrar fjáreignir verða metnar á gangvirði. Gangvirðisheimildin er heimil (að ákveðnum skilyrðum uppfylltum) sem valkostur við afskrifað kostnaðarverð. Skuldagerninga sem ekki eru metnir á gangvirði samkvæmt gangvirðisheimildinni ber að endurflokka af gangvirði yfir í afskrifað kostnaðarverð eða öfugt ef áætlunum um eignarhald er breytt á þann veg að upphaflegt mat á ekki lengur við.

Meginregla IFRS 9 er að alla eiginfjárgerninga skal meta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Heimilt er við upphaflega skráningu að flokka alla eiginfjárgerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu aðra en þá sem keyptir eru með það að markmiði að selja strax aftur (e. held for trading). Arður af slíkum eiginfjárgerningum er færður í gegnum rekstrarreikning nema ef hægt er að sýna fram á að arðurinn sé endurgreiðsla á hluta fjárfestingarinnar.

IFRS 9 heldur ekki í hugmyndafræði IAS 39 um innbyggðar afleiður í fjáreignum sem falla innan efnissviðs IFRS 9. Innbyggðar afleiður sem ekki eru nátengdar grunnsamningi verða ekki aðskildar frá samningnum líkt og gert er samkvæmt IAS 39. Þess í stað verður samningsbundið sjóðsteymi fjáreignarinnar metið í heild sinni og eignin verður metin á gangvirði ef hluti af sjóðstreyminu endurspeglar ekki endurgreiðslu á höfuðstól og vöxtum eins og lýst er í staðlinum. Upphaflega var áætlað að IFRS 9 tæki gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða

síðar. Í desember 2011 frestaði IASB gildistökuþegi staðalsins þannig að nú tekur hann gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2015. Innleiðing fyrir gildistökuþag er heimil eftir sem áður.

### IFRS 9 Fjármálagerningar – Innleiðing krafna um flokkun og mat á fjárskuldum

*Gildistökuþagur 1. janúar 2015*

Sá hluti IFRS 9 sem gefinn var út í nóvember 2010 felur í sér leiðbeiningar um flokkun og mat á fjáreignum (2009) og fjárskuldum. Leiðbeiningar um afskráningu fjármálagerninga og framkvæmd í IAS 39 hafa einnig verið færðar inn í IFRS 9. Leiðbeiningarnar í IFRS 9 fela í sér sömu flokkunarreglur um fjárskuldir og eru í IAS 39. Hins vegar eru tvær lykilymbreytingar frá IAS 39 sem tengjast flokkun og mati á fjárskuldum:

- Framsetning á áhrifum breytinga á gangvirði sem rekja má til útlánaáhættu og;
- Niðurfelling kostnaðarverðsundanþágu fyrir afleiðufjárskuldir sem ætlað var að gera upp með afhendingu óskráðra eiginfjárgerninga.

#### Framsetning á áhrifum breytinga á gangvirði sem rekja má til útlánaáhættu

Endurbættar leiðbeiningar varðandi meðferð á breytingum í gangvirði vegna útlánaáhættu á ekki við um allar fjárskuldir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjárskuldir til skamms tíma (e. held for trading) og fjárhagslegir ábyrgðarsamningar (e. financial guarantee contracts) sem upphaflega eru skráðir samkvæmt gangvirðisheimildinni verða áfram skráðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Staðallinn gerir þá kröfu að gangvirðisbreytingar sem rekja má til breytinga í útlánaáhættu verði færðar í gegnum aðra heildarafkomu en aðrar gangvirðisbreytingar eru færðar í gegnum rekstur. Þetta á við um allar aðrar fjárskuldir sem færðar eru á gangvirði samkvæmt gangvirðisheimildinni að undanskyldum fjárskuldum til skamms tíma og fjárhagslegum ábyrgðarsamningum. Ef hins vegar gangvirðisbreytingar vegna útlánaáhættu eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu og það leiðir til eða eykur reikningshaldslegt misræmi er heimilt að færa gangvirðisbreytingar í gegnum rekstrarreikning.

#### Niðurfelling kostnaðarverðsundanþágu fyrir afleiðufjárskuldir

Með endurbættum leiðbeiningum um reikningsskil fjárskulda hefur kostnaðarverðsundanþágan verið felld niður sem var í IAS 39 fyrir óskráða eiginfjárgerninga og tengdar afleiðueignir þar sem ekki er unnt að ákvarða gangvirði með áreiðanlegum hætti. Fyrsta útgáfa IFRS 9 frá 2009 heimilaði kostnaðarverðsundanþágu fyrir afleiðufjárskuldir sem gerðar eru upp með afhendingu óskráðra eiginfjárgerninga þar sem ekki er unnt að ákvarða gangvirði með áreiðanlegum hætti. Síðari útgáfan sem kom út 2010 hefur hins vegar felld undanþáguna niður og því ber að meta alla afleiður hvort sem þær eru eignir eða skuldir á gangvirði.

### Hinir „fimm fræknu“ – nýir og endurbættir staðlar

Þann 12. maí 2011 gaf IASB út fimm nýja eða endurbætta staðla sem fjalla um samstæðureikningsskil, aðild að sameiginlegum verkefnum og skýringar um hagsmuni tengda öðrum félögum. Heimilt er að innleiða þessa staðla fyrir gildistökuþag en aðeins ef þeir eru allir innleiddir í einu. Félögum er þó heimilt að innleiða í reikningsskil sín skýringarkröfur IFRS 12 *Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum* án þess að tæknilega sé litið á að félögin séu að innleiða þann staðal fyrir gildistökuþag.

#### IFRS 10 Samstæðureikningsskil

*Gildistökuþagur 1. janúar 2013*

IFRS 10 kemur í stað leiðbeininga um gerð samstæðureikningsskila í IAS 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (2008) og SIC-12 *Samstæðureikningsskil - rekstrareiningar um sérverkefni*. Með IFRS 10 er sett fram ein reikningsskilaáferð sem gildir fyrir öll félög. Áferðin byggir á yfirráðum, óháð eðli fjárfestisins (t.d. hvort einingu er stjórnað með atkvæðisrétti fjárfesta eða samkvæmt öðrum sammingsbundnum ákvæðum eins og algengt er með rekstrareiningar um sérverkefni). Samkvæmt IFRS 10 byggja yfirráð á því hvort fjárfestir 1) hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, 2) ber fjárfestingaráhættu og hefur rétt á endurgjaldi, í hvaða formi sem það kann að vera vegna þátttöku í fjárfestingunni og 3) hefur kost á að beita ákvörðunarvaldi sínu yfir fjárfestingunni til að hafa áhrif á fjárhæð endurgjaldsins.

#### IFRS 11 Sameiginleg verkefni

*Gildistökuþagur 1. janúar 2013*

IFRS 11 setur fram nýjar reikningsskilaáferðir fyrir sameiginleg verkefni og kemur í stað IAS 31 Hlutdeild í samrekstri. Valkostur um notkun hlutfallslegra samstæðureikningsskila (e. proportional consolidation method) um félög sem lúta sameiginlegri stjórn verður felldur niður. Að auki takmarkar IFRS 11 flokkun eigna sem lúta sameiginlegri stjórn við annað hvort rekstur sem lýtur sameiginlegri stjórn eða samrekstur. Rekstur sem lýtur sameiginlegri stjórn er sameiginlegt verkefni þar sem hlutaðeigandi aðilar sem deila yfirráðum hafa eignarétt og bera skuldaábyrgð. Samrekstur er sameiginlegt verkefni þar sem hlutaðeigandi aðilar sem deila yfirráðum hafa rétt til hreinnar samrekstrareiningar.

#### IFRS 12 Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum

*Gildistökuþagur 1. janúar 2013*

IFRS 12 krefst aukinna skýringa um félög innan og utan samstæðu þar sem hagsmuna gætir. IFRS 12 krefst upplýsinga sem gera notendum reikningsskila kleift að meta yfirráð, takmarkanir á meðferð eigna og skulda í samstæðu, áhættur vegna hagsmuna í félögum utan samstæðu og hagsmuni minnihlutaeigenda í viðskiptum félaga innan samstæðu.

#### IAS 27 Aðgreind reikningsskil

*Gildistökuþagur 1. janúar 2013*

IAS 27 heldur kröfum IAS 27 (2008) um aðgreind reikningsskil óbreyttum. Aðrir þættir IAS 27 (2008) eru til umfjöllunar í IFRS 10.

**IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og samrekstri***Gildistöku dagur 1. janúar 2013*

IAS 28 felur í sér endurbætur á IAS 28 *Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum (2008)* sem samræmast útgáfu IFRS 10, IFRS 11 og IFRS 12.

**IFRS 13 Mat á gangvirði***Gildistöku dagur 1. janúar 2013*

IFRS 13 kemur í stað fyrri leiðbeininga IFRS um mat á gangvirði. IFRS 13 skilgreinir hugtakið gangvirði, leiðbeinir um mat á gangvirði og setur skilyrði um skýringar um mat á gangvirði. IFRS 13 segir ekki til um hvaða reikningsliði skal meta og sýna á gangvirði í reikningskilum. IFRS 13 tekur gildi 1. janúar 2013, innleiðing er heimil fyrir þann tíma.

**Endurbætur á IAS 1 – Framsetning annarrar heildarafkomu***Gildistöku dagur 1. júlí 2012*

Með endurbótunum er áfram haldið í þann möguleika að setja fram rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu í tveimur yfirlitum. Hins vegar er farið fram á að liðir innan annarrar heildarafkomu verði flokkaðir eftir því hvort þeir verði síðar færðir í gegnum rekstrarreikning með viðeigandi skattaafleiðingum eða ekki.

**Endurbætur á IAS 12 Tekjuskattur***Gildistöku dagur 1. janúar 2012*

Með endurbótunum er veitt undanþága frá meginreglu IAS 12 fyrir fjárfestinga eignir metnar á gangvirði í samræmi við IAS 40 *Fjárfestinga eignir*. Með endurbótunum er heimilt að líta svo að endurheimtanlegt virði fjárfestinga eigna verði einungis endurheimt í gegnum sölu. Þessi möguleiki er til staðar fyrir þau félög sem eru með viðskiptalíkan sem byggir á því að endurheimtanlegt virði eignarinnar verði endurheimt með notkun en ekki í með sölu á eigninni.

**Hvað er framundan – staða núverandi verkefna IASB**

Þrátt fyrir útgáfu margra nýrra staðla á árinu 2011 vinnur IASB að fleiri stórum verkefnum. Eftirfarandi samantekt sýnir yfirlit um stöðu þeirra lykilverkefna sem IASB vinnur að um þessar mundir. Rétt er að benda á að breytingar geta hafa orðið á verkefnum eftir útgáfu fréttabréfsins.

Verkefni	Yfirlit	Útgefin fréttabréf
Samstæðureikningsskil – Fjárfestingarfélag	Í drögum er lagt til að fjárfestingar í eigu fjárfestingarfélaga (eins og þau eru skilgreind í drögum) séu metnar á gangvirði í stað þess að gerð séu samstæðureikningsskil.	September 2011
Fjármálagerningar	<p>Verkefni IASB um fjármálagerninga er unnið í eftirfarandi áföngum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Flokkun og mat</li> <li>Virðisýrnun</li> <li>Áhættuvarnarreikningsskil</li> <li>Jöfnun fjáreigna og fjárskulda</li> </ul> <p>Drög um áhættuvarnarreikningsskil voru gefin út í desember 2010. Þess er vænst að endurbætur á þeim drögum verði gefnar út á fyrsta ársfjórðungi 2012 og drög um áhættuvarnarreikningsskil safna á fyrri helmingi sama árs. Endanlegar endurbætur á reikningsskilareglum um jöfnun fjáreigna og fjárskulda voru gefnar út í desember 2011.</p> <p>Gildistöku degi IFRS 9 hefur verið frestað fram til 1. janúar 2015. IASB hefur gefið til kynna að ekki verði farið í miklar breytingar á IFRS 9 á næstu mánuðum.</p>	Júlí og nóvember 2009 Ágúst 2011
Vátryggingasamningar	Í drögum er lagt til að gefinn verði út einn heildarstaðall fyrir alla útgefendur vátryggingasamninga sem hægt er að beita með samræmdum hætti á alla samninga. IASB væntir þess að gefa út endurbætt drög á fyrri helmingi árs 2012.	Ágúst 2010

Verkefni	Yfirlit	Útgefin fréttabréf
Leigusamningar	Í drögum að nýjum staðli um leigusamninga eru lagðar til verulegar breytingar á reikningshaldslegri meðferð fyrir bæði leigutaka og leigusala. IASB gerir ráð fyrir að gefa út endurbætt drög á fyrsta helmingi ársins 2012.	Ágúst 2010
Tekjuskráning	Endurbætt drög að nýjum staðli um tekjuskráningu voru gefin út í nóvember 2011. Athugasemdartímabili lýkur 13. mars 2012 og er þess vænst að endanlegur staðall verði gefinn út í lok árs 2012.	Nóvember 2011
Stefnumótun IASB (e. agenda consultation)	IASB hefur leitað eftir viðbrögðum um forgangsröðun verkefna og hvar á sviði reikningsskilanna þörfin fyrir endurbætur sé brýnust. Athugasemdartímabili er nú lokið og er þess vænst að greining á niðurstöðum verði birt á fyrri helmingi árs 2012.	Júlí 2011

### Frekari upplýsingar

Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

#### Ábyrgðarmaður:

Þorsteinn Pétur Guðjónsson, endurskoðandi  
IFRS sérfræðisvið Deloitte  
[thorsteinn.gudjonsson@deloitte..is](mailto:thorsteinn.gudjonsson@deloitte..is)

#### Ritnefnd:

Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi  
Anna Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur  
IFRS sérfræðisvið Deloitte

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kræftir þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (*private company limited by guarantee*). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðijónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 182.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða gripur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.